

## 143. fundur skráningarráðs 22. nóvember 2024 kl. 9-11 á Teams.

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir (fundarritari), Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sat fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis.

Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna kom inn á fundinn kl 10.

### 1. Fundargerð síðasta fundar (yfirfarin og atriði rædd).

Fundargerð síðasta fundar lesin og yfirfarin.

Undir lið 3 og 5 kom fram að búið er að stofna vinnuhóp til að yfirfara nótnaskráningu og einnig vinnuhóp sem skoðar efni sem er með öðru letri en latnesku. Báðir hóparnir eru búnir að funda einu sinni og ákveða næsta fund, allt á góðu róli þar.

Fundargerð samþykkt.

### 2. Safnfærslur (áframhald).

Búið að keyra allar safnfærslur núna í mixed materials. Kristín leggur til að breyta forminu / uppsetningu í sviði 245 og telur betra að hafa í því sviði heiti safnsins og setja safnkóða í sviði 246, það er aðgengilegra fyrir notandann.

Kristín er búin að yfirfara og laga færslusniðið í Ölmum fyrir safnfærslur.

Til athugunar er að gefa söfnum kost á að fela safnfærslur á **leitir.is** t.d. skólabókasöfnunum, en eins og komið hefur fram á fyrri fundum þá hafa almenningsbókasöfnin áhuga á að notandinn geti fundið þennan safnkost eins og kökuform o.fl. á leitir.is.

Engin ákvörðun tekin.

### 3. Efnistegundin „Spil og leikföng“

Ákveðið var að fá Landskerfi til að keyra yfir heitið á efnistegundinni: **Spil** og setja í staðinn: **Spil og tæki** sem er víðara heiti.

### 4. Leit í viðföngum/OCLC/Worldshare

Fyrirspurn frá skráningarráði til Sveinbjargar varðandi: Leit í viðföngum / OCLC /Worldshare. Áhugi er á því að fá fleiri gagnagrunna/bókasöfn inn á Ölmum - [Leita í viðföngum](#).

Sveinbjörg sagði British Library ekki vera valkost í bili vegna tölvuárásarinnar sem þeir urðu fyrir en fleiri bókasöfn eru í myndinni og er það í skoðun.

Varðandi OCLC / Worldshare sagði Sigurbjörg að allt sem er í Worldcat kostar og er mjög dýrt og því spurning um þörfina þar sem skrásetjarar hafa aðgang að öðrum grunnum.

Samþykkt var að fá stutta kynningu hjá OCLC á Record manager sem Sveinbjörg mun útvega og í framhaldi af þeirri kynningu hafa fund um miðjan febrúar og taka stöðuna.

### 5. Tungumál skráningar (t.d. svið 508 á mynddiskum...)

Hér var rætt um skráningu á gögnum eins og mynddiskum þar sem mikil vinna felst í að komast í bókfræðigögnin á viðfanginu sjálfu. Þar kom fram að í sviði 588 má setja inn upplýsingar um hvaðan bókfræðiupplýsingarnar eru fengnar t.d. hulstri eða af kvikmyndavef

o.s.frv. Einnig hefur svið 508 verið notað til að einfalda vinnuna því athugasemdirnar þurfa ekki að vera settar fram á formlegan hátt.

Hér var ákveðið að biðja með frekari ákvarðanir þar sem komin er ný útgáfa af RDA skráningarreglunum og því liggur fyrir að mikil vinna er framundan við að enduskoða, breyta og aðlaga að okkar skráningarvinnu.

**6. Skráningarréttindi – erindisbréf**

Þessi dagskrárliður verður tekið upp síðar þegar Sigrún Hauksdóttir kemur úr leyfi.

**7. Fjöldi efnisorða – leiðbeiningar**

Þessi dagskrárliður var einnig feldur niður og verður tekinn fyrir síðar.

**8. Önnur mál.**

Doddi var með ýmis stórskemmtileg skráningarvandamál. Hann sendir fyrirspurn á [Gegnir@landsbokasafn.is](mailto:Gegnir@landsbokasafn.is)

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl 10:20